



Alþingi
Erindi nr. P 126/895
Alþingi 17/1295

DÓMSTÓLARÁÐ

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Ágúst Geirs Ágústssonar nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, 313. mál, fíkniefnabrot.

Með bréfi, dagsettu 12. desember sl., var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Dómstólaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 11. janúar sl.

Það er mat ráðsins að almennt eigi dómamarar eða stofnanir á vegum dómsvaldsins ekki að hafa áhrif á lagasetningu, þegar frá er talin réttarfarslöggið og löggjöf sem varðar skipulag og starfshætti dómstóla með einhverju hætti. Byggist það mat á viðurkenndum kenningum um þrígreiðinguna ríkisvaldsins

Dómstólaráð telur þó rétt að fjalla stuttlega um frumvarpið en þó einkum um þær athugasemdir í greinargerð með frumvarpinu sem lúta að dómaframkvæmd í fíkniefnamálum. Sérstakar athugasemdir eru gerðar við þau ummæli í greinargerð að með refsímati dómstóla hafi refsímörk 173. gr. a verið nýtt nánast að fullu í alvarlegurstu fíkniefnabrotunum og af þeim sökum sé nauðsynlegt að hækka refsímörkin svo dómstólum verði gert kleift að ákveða þyngri refsingu ef reyna muni á enn alvarlegri brot.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að það er ákaflega misjafnt eftir ákvæðum í hegningarlögum hversu fjölbreytt þau brot eru sem falla undir ákvæðin. Í samræmi við það er mjög mismunandi hversu refsiramma einstakra ákvæða þarf að vera rúmur og refsihámarkið hátt. Af ofangreindum ástæðum dreifast refsingar mjög mismunandi í refsiramma einstakra hegningarlagaákvæða. Í sumum málaflokkum eins og manndrápsmálum eru refsingar að jafnaði mjög ofarlega í refsiramma en í öðrum eins og t.a.m. þjófnaðarbrotum eru refsingarnar að jafnaði neðarlega í refsiramma. Enda þótt þróunin hafi orðið sú á síðustu árum að sífellt alvarlegri fíkniefnabrot hafi

Aðsetur og póstfang:
Dómstólaráð
Dómhúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Sími:
551 2900
Netfang:
domstolarad@tmd.is

Bréfsími:
551 2905

Kennitala:
410798-3449



DÓMSTÓLARÁÐ

komið til dómstóla og refsingar hafi þ.a.l. orðið þyngri má alls ekki draga þá ályktun af því, að dómáramar vilji refsa enn harðar fyrir þessi brot og því verði að hækka refsihámarkið. Dómáramar ákveða einfaldlega refsingu innan þess refsiramma sem lög ákveða hverju sinni og í samræmi við dómaframkvæmd sem vissulega getur þróast í tímanna rás. Einnig má benda á að samkvæmt norrænni réttarframkvæmd hækka refsingar sjaldnast í réttu hlutfalli við fjölda brota, alvarleika brota eða t.d. magn fíkniefna sem eru andlag brots.

Hækkun refsihámarks leiðir ekki eitt og sér til breytinga á viðmiðum dómstóla um refsihæð. Hins vegar líta dómáramar væntanlega á slíkar lagabreytingar sem augljósa vísbendingu um vilja löggjafnans varðandi refsihæð sem líklegt er að muni smám saman leiða til þyngingar á refsingum fyrir umrædd brot.

Áður en ráðist er í að víkka refsiramma með því að hækka hámarksrefsingu þarf að ýmsu að hyggja, t.d. samræmi hámarksrefsingar í ákvæði því sem til umfjöllunar er og í öðrum refsíákvæðum. Einnig verður að hafa í huga að fælingaráhrif þyngri refsinga er einungis eitt af mörgu sem áhrif hefur á þróun brotastarfsemi en aðrir þættir eins og hagnaðarvon, uppljóstrunarhætta og félagslegir þættir geta haft mun meiri áhrif. Þá eru áhrif einstakra þátta örugglega mismunandi eftir því hvaða brot um er að ræða. Afbrotafræðingar hafa t.d. bent á að þyngri refsingar geti allt eins leitt til harðari og skipulagðari brotastarfsemi, brotamenn svífist einskis til að forðast að upp um þá komist eða til að komast hjá handtöku, brotamenn vopnist, vitnum kann að verða ógnað og lögreglu veitt viðnám við handtökur. Refsiharka þarf þannig ekki endilega að hafa í för með sér betra þjóðfélag.

Með ofangreindum hugleiðingum er Dómstólaráð alls ekki að gera því skóna að þessi verði raunin ef umrætt frumvarp nær fram að ganga heldur fyrst og fremst að benda á sjónarmið sem færa má fram gegn þyngri refsingum.

Dómstólaráð telur samkvæmt framansögðu hvorki rétt að mæla með framangreindri lagabreytingu né leggjast gegn henni.

F.h. Dómstólaráðs

Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Aðsetur og pósthfang:
Dómstólaráð
Dómhúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Sími:
551 2900
Netfang:
domstolarad@tmd.is

Bréfsími:
551 2905

Kennitala:
410798-3449